

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefur eins og undanfarin ár haft til meðferðar undirbúning tillagna um flutningastyrki og fjárveitingar til flóabáta fyrir komandi ár. Hafa henni borizt skýrslur og upplýsingar um rekstur og afkomu hinna einstöku báta. Enn fremur hefur hún að vanda notið aðstoðar og samvinnu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Fylgir skýrsla hans með nefndarálitinu.

Enda þótt rekstrarafkoma flóabátanna hafi á þessu ári orðið mjög erfið, hefur nefndin yfirleitt ekki talið sér fært að hækka styrki til þeirra. Henni er ljóst, að af þeim ástæðum kunni e. t. v. svo að fara, að einhverjir þeirra komist í þrot og stöðvist á næsta ári. En nefndin hefur viljað stuðla að því eftir fremsta megni, að ýtrasta sparnaðar og hagsýni yrði gætt um rekstur flóabátanna.

Undanfarin ár hafa iðulega verið uppi raddir um á Alþingi, að með auknum skipakosti til strandferða ætti að vera unnt að fækka flóabátunum og draga úr fjárveitingum til þeirra. Samvinnunefndin hefur framkvæmt allverulega athugun á möguleikum þess. En svo að segja allar framkvæmdir í þessum efnum hafa strandað á eindregnum mótmælum hlutaðeigandi héraða og þingmanna þeirra. Nú varð það að samkomulagi í nefndinni að leggja til, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing framkvæma ýtarlega rannsókn á því, hvornig flóabátaferðunum verði haganlegast og ódýrast komið fyrir. Enn fremur að ríkisstjórnin láti rannsaka flutningaþörf og aðstöðu þeirra héraða, sem verst eru sett um samgöngur og aðdrætti á landi og styrks hafa notið úr ríkissjóði. Leggur nefndin áherzlu á, að slík athugun verði látin fram fara.

Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

#### Breiðafjarðarsamgöngur:

Þessum ferðum hefur verið hagað á svipaðan hátt og undanfarin ár. Rekstrarstyrkur til þeirra verður hinn sami og á þessu ári. En niður er felldur 10 þús. kr. vélstyrkur, sem m/b Konráð, er annast ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð, var veittur á fjárlögum þessa árs.

#### Ísafjarðarsamgöngur:

M/s Fagranes hefur annast þær eins og áður. Rekstur þess hefur verið mjög óhagstæður. Rekstrarhalli skipsins árið 1949 varð rúmlega 50 þús. kr. þrátt fyrir ríkisstyrkinn, og árið 1948 var hallinn 55 þús. kr. Upplýst er, að rekstrarafkoman muni ekki verða betri á yfirstandandi ári. Hefur stjórn Djúpbátsins, sem annast þessar ferðir, farið fram á verulega hækkun styrks til þeirra og telur, að ella hljóti þær að stöðvast héraðinu til óbætans tjóns.

Nefndin taldi þó ekki fært að verða við þeim óskum, en vill þó freista þess að létta nokkuð undir með þessu þýðingarmikla samgöngutæki Ísfirðinga í bæ og sýslum. Leggur hún því til, að styrkurinn til Djúpbátsins verði hækkaður um 10 þús. kr.

#### Norðurlandsamgöngur:

Í þessum landshluta virðast ferðir flóabátanna hafa gengið sæmilega. Verkefni Húnaflóa- og Strandabátanna hefur að visu verið lítið af sömu ástæðum og undanfarin ár, aflabresti á sildveiðunum og deyfð og erfiðleikum í verksmiðjuþorpunum á Ströndum.

Eina breytingin, sem nefndin leggur til að gerð verði á styrkveitingunum til Norðurlandsbátanna, er sú, að lækkað verði um 9 þús. kr. framlag til Flateyjarbáts á Skjálfanda, en hann fékk þá upphæð á þessu ári til vélakaupa.

#### Austfjarðasamgöngur:

Hjá Austfjarðabátunum eru þær breytingar gerðar, að vélstyrkur, 4 þús. kr., til Mjóafjarðarbáts fellur nú niður, en lagt er til, að Loðmundarfjarðarbáti verði veittur 10 þús. kr., styrkur til vélakaupa á næsta ári.

#### Suðurlandsskip:

Eins og kunnugt er, hefur Alþingi um langt skeið veitt Vestur-Skaftafellssýslu nokkurn styrk til vöruflutninga á hinni löngu og erfiðu flutningaleið til þessa héraðs. Nemur sá styrkur á þessu ári 80 þús. kr. Nú hefur sýslunefnd héraðsins, og

þingmaður þess lagt á það mikla áherzlu, að styrkur þessi verði hækkaður verulega, þar sem flutningskostnaður hafi hækkað mjög.

Enda þótt samvinnunefnd samgöngumála viðurkenni, að Vestur-Skaftfellingar hafi að ýmsu leyti sérstöðu um aðdrætti nauðsynja sinna og flutning búsafurða vegna hinna miklu vegalengda, er þeir verða að sækja um, og algers hafnleysis, taldi hún þó ekki kleift að ganga langt til móts við óskir þeirra. Lagði hún þó til, að flutningastyrkurinn til svokallaðs „Suðurlandsskips“, sem raunar er alls ekki fljótandi far, yrði hækkaður um 20 þús. kr. til að greiða niður hinn aukna flutningskostnað.

Samkvæmt tillögum þeim, sem fyrir liggja, áætla nefndin styrk til flóabátaferða og vöruflutninga í fjárlögum ársins 1951 samtals kr. 975 000.00, eða 17 þús. kr. hærri en á fjárlögum þessa árs. Má í þessu sambandi geta þess, að s. l. ár hafa útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar nauðsynlegru þjónustu, sem flóabátarnir veita fjölmörgum byggðarlögum víðs vegar um land, sáralítið hækkað. Þeim hefur verið haldið niðri þrátt fyrir mikla hækkun á rekstrarkostnaði bátanna og ýmiss konar breytingar rekstri þeirra í óhag. Horfir af þeim ástæðum mjög óvænlega um afkomu sumra þeirra.

Nefndin leggur til, að styrksupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur .....	240 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur .....	82 000.00
Norðurlandsbátur .....	220 000.00
Hriseyjarbátur .....	6 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda .....	11 000.00
Loðmundarfjarðarbátur .....	6 000.00
sami, styrkur til vélakaupa .....	10 000.00
Mjóafjarðarbátur .....	13 500.00
Eskifjarðarbátur .....	18 000.00
Berufjarðarbátur .....	4 000.00
Suðurlandsskip .....	100 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa .....	2 500.00
Flateyjarbátur, venjulegar ferðir .....	25 000.00
sami, vikuf. Flatey—Brjánslækur—Kinnarstaðir .....	30 000.00
Stykkishólmsbátur .....	85 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjaneshátur .....	11 000.00
Patreksfjarðarbátur .....	2 000.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Örefa .....	35 000.00
Vestmannaeyja—Stokkseyrabátur .....	72 000.00
Rangárssandsbátur .....	2 000.00
	975 000.00

Alþingi, 4. des. 1950.

Sigurður Bjarnason,  
form. Nd.-nefndar, frsm.

Eiríkur Einarsson,  
form. Ed.-nefndar.

Jón Gíslason,  
fundaskr. Nd.-nefndar.

Karl Kristjánsson,  
fundaskr. Ed.-nefndar.

Stefán Stefánsson.

Lúðvík Jósefsson.

Ásgeir Bjarnason.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ingólfur Flygenring.

### Fylgiskjal.

### SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 10. nóvember 1950.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir, að ég gerði yfirlit yfir rekstur flóabátanna á þessu ári á svipaðan hátt og gert hefur verið und-

anfarin ár og einnig tillögur um styrk til bátanna á næsta ári miðað við, að þeir verði reknir með svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur. Vil ég reyna að verða við þessum óskum nefndarinnar með eftirfarandi:

#### **Djúpbáturinn:**

H.f. Djúpbáturinn á Ísafirði hefur eins og að undanfögnu annazt ferðir um Djúpið og nágrennið með m.b. Fagranesi. Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun, og hefur ferðum venjulegast verið hagað þannig, að farið er frá Ísafirði í Djúpið alla þriðjudaga og föstudaga, til Jökulfjarða og Aðalvíkur alla fimmtudaga og yfir sumarmánuðina til Arngerðareyrar alla laugardaga og miðvikudaga í sambandi við bifreiðaferðir til Suðurlands. Síðast í september byrjuðu svo ferðir til Flateyrar, og voru þær farnar alla miðvikudaga og sunnudaga, og féll þá miðvikudagsferðin til Arngerðareyrar niður. Þegar svo bilferðir til Suðurlandsins teppast, leggst laugardagsferðin til Arngerðareyrar niður, en vesturferðin þá farin á laugardögum í staðinn fyrir á sunnudögum. Rekstur bátsins hefur gengið fremur illa, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, en rekstursreikningur er ekki ennþá kominn, og er vafasamt, að báturinn geti haldið uppi ferðum með sama fyrirkomulagi á næsta ári fyrir sama styrk.

#### **Húnaflóa- og Strandabátur:**

Ferðir þessa báts eru um vestanverðan Húnaflóa og Strandahafnir, og hefur Sigurður Pétursson útgerðarmaður í Djúpavík annazt þær með bát sínum Hörpu (29 lestir). Farin var ein áætlunarferð í viku milli Ingólfsfjarðar og Hvammstanga með viðkomu á öllum milliliggjandi stöðum í báðum leiðum, en frá 1. ágúst til 15. september voru áætlunarferðirnar 2 á viku. Alls voru farnar 23 áætlunarferðir, og hafði báturinn alls 382 viðkomur í þeim. Verkefni þessa báts er mjög lítið, sem stafar mikið af því, að síldaraflinn hefur brugðizt, eins og kunnugt er, og því mjög lítið að gera við flutninga til og frá verksmiðjunum á Djúpavík og Ingólfsfirði, en fjárflutningar í haust hafa gefið bátnum nokkrar tekjur, og hefur því útkoma á rekstri hans orðið skárri en vænta mátti.

#### **Norðurlandsbátur:**

Bátur þessi gengur um Eyjafjörð til Siglufjarðar og Grímseyjar að sumrinu og að vetrinum einnig um Skagafjörð. Hefur hr. útgerðarmaður Steindór Jónsson haft þessar ferðir á hendi með bát sínum Drang (74 lestir). Er ferðunum í stórum dráttum hagað þannig yfir vetrarmánuðina, að farnar eru 2 ferðir í viku frá Akureyri til Sauðárkróks, með viðkomu á höfnum í Eyjafirði og Skagafirði í báðum leiðum. Meðan Siglufjarðarskarð er fært bifreiðum, er Skagafjarðarferðunum sleppt, en fjölgað aftur ferðum um Eyjafjörð til Siglufjarðar og Grímseyjar. Rekstursreikningur bátsins er ekki kominn enn, en þó má ætla, að reksturinn hafi gengið allsæmlega, og lagt mun verða í það að reka bátinn með svipuðu fyrirkomulagi á næsta ári fyrir sama styrk.

#### **Hríseyjarbátur:**

Bátur þessi gengur milli Hríseyjar og lands í sambandi við bifreiðaferðir til og frá Akureyri. Er farnar venjulega 2 ferðir í viku og aukaferðir eftir þörfum. Hefur báturinn í þessum ferðum það sem af er árinu flutt um 900 farþega og auk þess póst. Oddvitinn í Hrísey hefur umsjá með ferðunum.

#### **Flateyjarbátur á Skjálfanda.**

Bátur þessi gengur milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur. Er venjulega farin ein ferð í viku og stundum oftast, ef þurfa þykir. Hefur oddviti Flateyjarhrepps umsjá með því, að ferðir þessar komi að sem bestum notum fyrir Flateyginga.

#### **Loðmundarfjarðarbátur.**

Bátur þessi gengur milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Kaupfélag Austtjarða á Seyðisfirði hefur tekið að sér umsjá með ferðum þessum. Eru venjulega farnar ein til tvær ferðir hálfsmánaðarlega, eftir því sem þurfa þykir.

Haustið 1949 tókst svo illa til, að bátur þessi eyðilagðist algerlega í aukaferð til Loðmundarfjarðar, og réðst eigandi hans í að kaupa nýjan bát, og var þá sótt um 10 þús. kr. styrk til vélakaupa í þann bát, en beiðnin kom of seint til þess að hún væri tekin fyrir á síðasta Alþingi og verður því tekin aftur upp nú í þetta skipti.

#### **Mjóafjarðarbátur:**

Bátur þessi gengur milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og fer einnig nokkrar ferðir til Seyðisfjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur umsjá með, að ferðirnar komi að sem mestum notum fyrir Mjófirðinga. Rekstursreikningur fyrir bátinn er ekki kominn, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun reksturinn hafa gengið sæmilega vel.

#### **Eskifjarðarbátur:**

Ferðir þessar eru milli Búðareyrar og Eskifjarðar annars vegar og Hafranness hins vegar. Eru þær aðallega til þess að koma Fáskrúðsfirði í bifreiðasamband við Austur- og Norðurland, og er ferðum bátsins hagað eftir áætlunarferðum bifreiða til og frá Austurlandi. Garðar Jónsson útgerðarmaður á Reyðarfirði hefur haft ferðir þessar á hendi eins og undanfarin ár með bát sínum Heklu (10 lestir), og er ekki annað vitað en að rekstur þessa báts hafi gengið fremur vel.

#### **Berufjarðarbátur:**

Bátur þessi heldur uppi ferðum frá Djúpavogi að Stakk á Berufjarðarströnd í sambandi við bifreiðaferðir við Austfirði, og er ekki annað vitað en ferðir þessar hafi gengið eins og til stóð.

#### **Mýrabátur í Faxaflóa.**

Enginn sérstakur bátur er í þessum ferðum, heldur hafa bændur á staðnum, sem hafa trillubát, séð um þær og styrknum skipt á milli þeirra.

#### **Flateyjarbátur á Breiðafirði:**

Ferðir þessa báts eru um norðanverðan Breiðafjörð, og hefur h.f. Norðri í Flatey annast þær eins og að undanfögnu með bátnum Konráð. Var siglt eftir fastri áætlun og ferðum hagað eins og á undanfögnu árum, enn fremur farnar aukaferðir, þegar þurfa þótti. Rekstur þessa báts hefur gengið í betra lagi, þannig að segja má, að það hafi nokkurn veginn staðizt á tekjur og gjöld.

#### **Stykkishólmsbátur:**

Ferðir þessa báts eru um sunnanverðan Breiðafjörð, og hefur kaupfélagið í Stykkishólmi séð um þær eins og undanfarin ár með m.b. Baldri (38 lestir). Báturinn hefur siglt eftir fastri áætlun, og hefur ferðunum verið hagað eins og undanfarin ár. Rekstursreikningur er enn ekki kominn fyrir bátinn, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, hefur reksturinn gengið allsæmilega.

#### **Skógarstrandar- og Langeyjanesbátur:**

Oddur Valentínusson hafnsögumaður í Stykkishólmi hefur haft þessar ferðir á hendi, og eru þær farnar eftir föstum áætlunum og aukaferðir þess á milli. Skýrslur eru ennþá ekki komnar yfir reksturinn, en upplýsingar hafa fengizt um, að hann muni hafa gengið eins og til stóð.

**Patreksfjarðarbátur:**

Bátur þessi gengur milli Vatneyrar og Örlygshafnar og Hvalskears, og er styrkurinn ætlaður til að létta undir með mjólkurflutningi bænda á þessari leið. Oddviti Patreksfjarðarhrepps hefur séð um, að styrkurinn komi að tilætluðum notum.

**Stokkseyrar—Vestmannaeyjabátur:**

Ferðir þessa báts eru milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Eru þær aðallega farnar vegna fólksflutninga yfir sumarmánuðina. Hefur m.b. Gísli Johnsen verið í ferðum þessum. Farnar voru 45 ferðir og fluttir ca. 860 farþegar, auk þess nokkuð af varningi og lifandi skepnum. Rekstur báts þessa hefur gengið í betra lagi, þannig að segja má, að hann hafi nokkurn veginn fyrir afskriftum.

**Rangársandsbátur:**

Enginn bátur hefur verið í ferðum þessum um margra ára bil, heldur hefur styrkurinn verið notaður til að létta undir flutningum með bændum milli Rangársands og Vestmannaeyja, og hefur sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu séð um úthlutun styrksins.

Eins og sjá má af þessu stutta yfirliti, hefur rekstur flóabátanna á þessu ári gengið yfirleitt í betra lagi, enda hefur verið reynt að mæta auknum kostnaði vegna gengislækkunarinnar með því að hækka far- og farmgjöld tilsvarendi. Þó hefur ekki alls staðar verið hægt að koma þeirri hækkun við vegna samkeppni frá bílum og alls konar inngrípabátum, og hef ég oft áður leyft mér að gera háttvirtri nefnd grein fyrir því máli, og leyfi ég mér að vísa til þess.

Virðingarfyllst.

Skipaútgerð ríkisins.

Pálmi Loftsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála Alþingis.